

VATNAMELINGAR  
16. skilagrein

-fjumur-

Akureyri, 28. janúar, 1951.

Raforkumálaskrifstofan,  
Laugavegi 118,  
Reykjavík.

Gönguskarðsá við Sauðárkrók.

Rennsli Gönguskarðsár mun hafa komist lægst niður í 700 l/sek. nú í janúar (dagana 15. - 20. janúar).

Þann 21. jan. var sv.-átt með rigningu og slidduéljum.

Rennsli Gönguskarðsár 22. jan. var 1050 l/sek. Rafstöðin notaði 650 l/sek. við 280 kw. álag, en 400 l/sek. fóru yfir stífluna.

Síðari hluta dags hins 23. jan. var hvöss sv.-átt með rigningu og hiti fjögur stig. Daginn eftir (24. jan.) var rennsli árinnar 4-5 m<sup>3</sup>/sek. þá um kvöldið kl. 21 stíflaði ís rennslið til vatnsvélarinnar svo að ljós slokknuðu. Þetta stóð aðeins skamma stund, 5 til 10 mín. Rennslið gegnum vélarnar komst niður í um 125 l/sek.

Ísþykktin í trérörum var víðast hvar nær 30 cm. Mest var hún í beygjunni ofan við turninn eða 32 cm. Þar sem snjór huldi rörin, eða hluta þeirra, var enginn í rörunum.

Þar sem norðan vindurinn nær til að næða um rörin var ísinn þykktur eins og t.d. á gilsbarminum ofan við turninn. Þegar frost ganga liggur ís á stíflulóninu, ef lón skyldi kalla, svo að vatnið er í "passívu" ástandi, hvað viðkemur ísmyndun, þegar það fer inn í röraleyðsluna.

Ég fór ekki upp að ánnum Kallá og Lambá, enda ekkert þar að sjá nema sléttu hjarnbreiðuna. Í þess stað hafði ég tal af bændunum á Heiði og í Skarði. Þeir fullyrtu að Lambá félli til Gönguskarðsár og að hún ætii örugga rás undir snjónum, en hlæði ekki upp svellbunka. Kallá fellur til norðurs. Þá höfðu þeir tillögur á reiðum höndum um Kallá, hvernig ætti að ná henni örugglega til Gönguskarðsár, en ég tel óþarf að skrifa um það að sinni, né heldur hvernig haga skuli mælingum Gönguskarðsár í framtíðinni.

Þá athugaði ég Hjaltadalsá, Kolbeinsá og Svartá, svo að öruggur samanburður fæst á þeim við Gönguskarðsá.

Virðingarfyllst,

Sigurjón Rist  
(sign)